

140. Þingflokksfundur, mánudaginn 23. nóvember kl. 13.40.

Fundinn sitja: Alla, Ásta, Birgitta og Helgi Hrafn.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir verða sendar í tölvupósti.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar. Ásta mun eiga orðastað við forsætisráðherra um atgerfisflóttann frá Íslandi í óundirbúnum fyrirspurnartíma.

3. Brif af þingflokksformannafundi

Birgitta brífaði af fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá þinghalds vikunnar. Fjárlögin verða ekki á dagskrá fyrr en í næstu viku.

4. Brif úr nefndum

Ásta brífaði af fundi allsherjar- og menntamálanefndar þar sem höfundalagafrumvörpin eru í umsagnaferli. Ásta hefur lagt áherslu á rétt hugtök (réttthafar / höfundar). Alla gerði þingflokknnum grein fyrir fundi stjórnarskránefndar sl. föstudag. Málið verður rætt betur efnislega á næsta þingflokksfundi.

5. Varamaður í allsherjar- og menntamálanefnd

Birgitta lætur vita að Ásta verði varamaður í allsherjar- og menntamálanefnd meðan höfundalagafrumvörpin eru til umfjöllunnar.

6. Plan fyrir fullnustu refsinga (fundur með grasrót, tvöfaldur ræðutími)

Alla finnur tíma fyrir fund með grasrót.

7. Erfðalög

Málið rætt og möguleikar á viðbrögðum.

8. Tekjuupplýsingar lögaðila og einstaklinga

Alla undirbýr fyrirspurn.

9. Reglugerð um heimakennslu

Málið verður skoðað betur og ákvörðun tekin seinna um framhaldið.

10. Frá VEGA, Belgíu

Belgískir stjórnáamenn sem verða á landinu 2. - 5. desember og hafa óskað eftir fundi með fulltrúa frá Pírötum. Ásta skoðar hvort hún kemst og Alla tengir þau saman.

11. Tækni og hugverkþing - 4. des

Ásta fer ef þingstörf leyfa og heyrir í Jóni Þór varðandi vinnu starfshóps hans um netvænt Ísland.

12. Jólakort og jólagleði

Birgitta gerir rafræn jólakort frá þingflokki og Alla tekur saman lista yfir þá sem fá send kort í pósti.

13. Open data and the Fiscal Budget Proposal - Breytingartillögur við opinber fjármál um framsetningu fjárlaga

Ákveðið að biðja með málið í bili.

14. Action Items

Viðstaddir fara yfir sín mál eftir fund.

15. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.40